

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 150.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bærarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1991, gildir frá 1. janúar 2006.

Samþykkt í bærarstjórn Garðabæjar, 22. desember 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bærarritari.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006